

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skaftárhreppur urðun Stjórnarsandur



Dags eftirlits	12.11.2014	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Skaftárhreppur urðun	Fulltrúi UST	
Heimili	Klausturvegur 15	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480690-2069	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Vigfús Þór Hróbjartsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Nokkuð vantar á snyrtimennsku og fagmannlegan rekstur urðunarstaðarins. Talsverð óreiða er á úrgangi. Mörgum úrgangstegundum ægir saman á nokkuð stóru svæði og nokkuð um úrgang sem ekki er heimild fyrir t.d. heyrúlluplast, hjólbarðar og heimilistæki. Gerðar eru tvær athugasemdir og þrjú frávik staðfest. Athugasemdirnar varða skil á upplýsingum til eftirlitsaðila og mótvægisráð vegna fokefna. Frávikin varða óreiðu og slæmt skipulag, óheimilar úrgangstegundir á urðunarstað, starfshætti og tilhögun urðunar (birgingu úrgangs oph)

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlitsskoðun á urðunarstaðinn á Stjórnarsandi og farið yfir innsend gögn rekstraraðila m.t.t. krafna í starfsleyfi. Eftirlitsaðili hafði ekki tök á að funda að þessu sinni með rekstraraðila en telur brýnt að fundur verði haldinn í næsta eftirliti, þar sem farið yrði yfir helstu þætti umfangs starfseminnar og góða starfshætti

Frávik frá

ákv. 1.2 í starfsleyfi en þar er skilgreint hvaða úrgangsflokka er heimilt að geyma á svæðinu og heyrúlluplast er ekki þar á meðal.

Lýsing á fráviki

Heyrúlluplast er geymt á urðunarsvæðinu

ákv. 2.8 í starfsleyfi er kveður á um vel skipulagða geymslu á timbri og brotajárni, hreinan aðskilnað úrg.flokka o.fl.

Talsverð óreiða var á urðunarsvæðinu, flokkar úrgangs ekki aðskildir og eitthvað um úrg.tegundir sem ekki er heimilt að geyma (né urða) t.d. heimilistæki og hjólbarðar

ákv. 4.3 í starfsl. um frágang á úrgangi en birgja skal úrgang sama dag og hann berst, vinnslufleti haldið í lágmarki o.s.frv.

Mikið var af óbirgðum úrgangi og greinilegt að honum hefur verið safnað upp um nokkurt skeið

ATHUGASEMDIR

Eitthvað var af fokefnum utan urðunarstaðar. Mikilvægt er að plastpokar og annað laust plast sé þakið sama dag og það berst svo hættu á foki sé lágmrökuð en talsvert var af plasti á yfirborði (innan um timburbrak sérstaklega). Illmögulegt er að koma algerlega í veg fyrir fokefni á/við urðunarsvæðum sem þessu. Því er nauðsynlegt að tyna upp fokefni í nágrenni reglulega.

Minnt er góðfúslega á skil á uppl. skv. ákv. 5.1 í starfsleyfi. Á síðasta ári barst sá hluti upplýsinganna sem farið hefur verið fram á síðustu ár. Starfsleyfi rekstraraðila er nýlegt (27.11.13) og krafan að hluta ný.

Reykjavík, 20.02.2015

Sigrún Guðmundsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.